

Grímsnes- og Grafningshreppur
Rebekka Rut Ingvarsdóttir
Borg
805 Selfossi

Garðabær, 7. maí 2025
202503-0266/A.B.
08.02

Efni: Umsögn – Breyting á deiliskipulag - Bakkahverfi L236382 við Álftavatn Grímsnes- og Grafningshreppur.

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Grímsnes- og Grafningshrepps er barst 27. mars sl. þar sem óskað er umsagnar Náttúruverndarstofnunar um breytingu á deiliskipulagi fyrir Bakkahverfi L236382 við Álftavatn í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Í greinargerð kemur fram að breytingin gengur út á að skilmálum í kafla 2.2. um hámarksstærðir bygginga á svæðinu er breytt. Nýtingarhlutfall er hækkað úr 0,03 í 0,05 til samræmis við breytta stefnu aðalskipulags er varðar nýtingarhlutfall á frístundalóðum sem er í kynningar- og auglýsingaferli.

Náttúruverndarstofnun bendir á að stofnunin (áður Umhverfisstofnun) hefur veitt umsögn á fyrri stigum sem mikilvægt sé að líta til við gerð tillögunnar.¹

Vistgerðir og fuglalíf

Náttúruverndarstofnun bendir á að talningar af Suðurlandi sýna marktæka fækkun fimm tegunda, heiðlóu, lóupræls, spóa, stelks og þúfutittlings. Ekki er vitað hvað veldur þessari fækkun en þar sem þessar tegundir sýna almennt neikvæð áhrif af aukinni landnotkun (mannvirkjum og skógrækt) gæti þetta verið merki um svæðisbundin neikvæð áhrif mannlegra umsvifa á þéttleika mófugla.²

Auk þess ítrekar stofnunin að svæðið er á náttúruminjasrá vegna fuglalífs.

Náttúruverndarstofnun telur mikilvægt að fjallað sé um stefnu sveitarfélagsins varðandi vernd ábyrgðartegunda og hvernig sveitarfélagi mun bregðast við.

Náttúruverndarstofnun telur nauðsynlegt að sveitarfélagið setji sér skýra stefnu um verndun og endurheimt á líffræðilegum fjölbreytileika í skipulagsáætluninni. Líffræðileg fjölbreytni nær yfir allar tegundir dýra, plantna, sveppa og annarra lífvera og þann breytileika sem er milli einstaklinga sömu tegundar og erfðaefnis þeirra. Líffræðileg fjölbreytni fjallar einnig um búsvæði allra lifandi lífvera og þau vistkerfi og vistgerðir sem þær mynda og sjálfbæra nýtingu lifandi náttúru.

Um allan heim hnignar fjölbreytileika lífríkisins því miður stöðugt og hratt. Megin orsakir eru umsvif mannsins, þar sem á sér stað yfirtaka búsvæða, mengun, útbreiðsla ágengra tegunda, ofnýting náttúrunnar, loftslagsbreytingar, fjölgun mannkyns og aðrar mannlegar athafnir.

Skipulagsáætlanir sveitarfélagsins gegna veigamiklu hlutverki, sem verkfæri, í verndun og endurheimt á líffræðilegum fjölbreytilega, bæði innan sveitarfélagsins og utan. Í skipulagsáætluninni er hægt að

¹ https://skipulagsaaetlanir.skipulagsstofnun.is/skipulagvefur/DisplayDoc.aspx?itemid=0d52f9xmIEKaawHT2c_tEA

² <https://moi.hi.is/is/mofuglar>

setja fram stefnu og markmið um rannsóknir, vöktun og skráningu, vernd og endurheimt tegunda og svæða, endurheimt og vernd votlendis, eyðingu ágengra tegunda svo eitthvað sé nefnt.

Virðingarfyllst,

Axel Benediktsson

sérfræðingur

Ingibjörg Marta Bjarnadóttir

sérfræðingur